

Gæðastefna

Gæðastefna

Hlutverk HSU er að vera hornsteinn heilsu á Suðurlandi. HSU leggur áherslu á gæði og öryggi þjónustunnar og stuðlar að framþróun í takt við framtíðarsýn stofnunarinnar um að vera leiðandi heilbrigðisstofnun á landsbyggðinni og framúrskarandi vinnustaður.

Tilgangur

Tilgangur stefnunnar er að styðja við og leggja áherslu á stöðuga gæðabróun innan stofnunarinnar með það að markmiðið að efla gæði og öryggi þjónustunnar og stuðla að framþróun hennar í takt við framtíðarsýn stofnunarinnar.

Markmið

Markmið gæðastefnu HSU er að kröfur og væntingar notenda þjónustunnar og starfsfólks um gæði þjónustunnar séu uppfylltar með faglegum vinnubrögðum.

Leiðir að markmiði

- Tryggja að öll þjónusta sé í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu
- Sýnileiki gæðavísa
- Stuðla að stöðugu umbótastarfi
- Skýra verklagsreglur um öll meginferli stofnunarinnar
- Samræma vinnubrögð og leggja áherslu á að í öllu verklagi sé gætt ýtrustu skilvirkni
- Atvikaskráning, finna skýringar og leita leiða til að lágmarka áhættu á að atvik endurtaki sig
- Regluleg endurskoðun á gæðaskjölum og verkferlum
- Nýta þjónustukannanir til stöðugra umbóta

Ábyrgð og endurskoðun

Ábyrgð á gæðum og öryggi er í höndum alls starfsfólks stofnunarinnar. Gæðaráð auk gæðastjóra bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar. Stefnan er samþykkt af framkvæmdastjórn og skal endurskoðuð árlega.

Samþykkt af framkvæmdastjórn þann 17. janúar 2022